

Námsgrein: Enska

Bekkur: 7. bekkur

Kennarar: Kiddý Hörn og Óskar Páll

Tíma fjöldi á viku: 1 og ½ kennslustund

Kennsluaðferðir og skipulag

Innlagnir, einstaklingsvinna, paravinna, vinnubókarvinna, hópavinna, skriflegar æfingar, samræður og hlustun.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áherslupættir grunnþátta menntunar
Læsi	Nemendur geti lesið sér til gagns og gamans auðveldar texta, úr bókum, blöðum eða fjölmiðlum.
Sjálfbærni	Nemendur vinni sjálfstætt að ákveðnum verkefnum. Nemendur læri að taka afstöðu með eða á móti hinum ýmsu álitamálum og ágreiningsefnum, á lýðræðislegan hátt, bæði með ritun og framsögn.
Heilbrigði og velferð	Að skapaður sé jákvæður skólabragur þar sem markvisst er hugsað um þroska og heilbrigði frá ýmsum hliðum og að nemandi geti unnið út frá sínum styrkleikum með það að markmiði að styrkja sjálfsmyndina.
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur læri að taka meiri ábyrgð á eigin námi og hafi val um ýmislegt sem að því lýtur s.s. verkefnaval.
Jafnrétti	Með fjölbreyttum kennsluaðferðum sem byggja á samvinnu, hópavinnu og þemavinnu er lögð áhersla á jafnrétti. Nemendur læra að virða skoðanir og sjónarmið hvers annars, hlusta á hvern annan og taka tillit til skoðana hvors annarra.
Sköpun	Nemendur vinna ýmis verkefni þar sem reynir á sköpun, s.s. gerð veggspjalda og sögugerð.

Unnið verður með hæfniviðmið við lok 2. stigs (miðstigs) skv. aðalnámskrá grunnskóla.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Mat
Heimstungumál Þjálfun í orðaforða um sjálfan sig og aðra. Óreglulegar sagnir.	Enskar málfræðiæfingar B og C Yes we can 7 - vinnubók	Að vekja nemandann til umhugsunar um hvernig hægt tungumálakunnátta nýtist daglega, hvernig þeir eru háðir tungumálum Að nemandinn geti notað tungumálið á ýmsan hátt í mismunandi aðstæðum. Nemendur geti unnið með sagnir í nútíð og þátíð í samhengi við texta	Orðaforðakannanir Verkefni Þátttaka í tímum
Fótbolti um víða veröld Sagnasambönd	Enskar málfræðiæfingar B-C Yes we can 7 - vinnubók Ljósrit frá kennara	Að nemandinn geti fjallað um fótbolta um víða veröld. Að nemandinn þekki muninn á amerískum og evrópskum fótbolta. Að nemandinn geti skrifað texta með eða á mótí.	Orðaforðakannanir Verkefni Þátttaka í tímum
Ferðalag í gegnum Bandaríkin. Forsetningar Jumanji bók	Enskar málfræðiæfingar B-C Yes we can 7 - vinnubók Ljósrit frá kennara Jumanji bókin Kvikmyndin Jumanji	Að nemandinn geti aflað og flokkað upplýsingar. Að nemandinn geti frætt aðra um Bandaríkin. Að nemandinn geti skrifað formlegt bréf. Að nemandinn geti notað forsetningar.	Orðaforðakannanir Verkefni Þátttaka í tímum
Plánetan okkar Loftslagsmál Fleirtöluending nafnorða Billy Elliot - bókin	Enskar málfræðiæfingar B-C Yes we can 7 - vinnubók Ljósrit frá kennara	Að nemandinn geti fjallað um náttúruhamfarir. Að nemandinn geti fjallað um hvað best sé að gera til að vernda umhverfið okkar. Að nemandinn geti skrifað upplýsingabréf.	Orðaforðakannanir Verkefni Þátttaka í tímum